

# Nautaskrá

SUMAR 2018



NBÍ

# TIL LESENDA

## Ágætu bóndi.

Hér hefur þú fengið „auka nautaskrá“ fyrir sumarið 2018. Á þessum tíma erum við von að taka í notkun fá naut, sem við höfum kynnt á sérstökum blöðum en vegna breytinga á kynbótauppgjöri koma nú til nota 10 ný naut. Því var ákveðið að kynna þau með þessum hætti. Vonandi gefst það vel.

Breytingarnar, sem felast í því að miða við æviafurðir, verða kynntar ykkur á öðrum stað.

Af þessum 10 nautum eru sjö úr árgangi 2012 og þrjú úr árgangi 2013. Kynbótamat þeirra er almennt frekar hátt og öll eru þau líkleg til að bæta stofninn til framtíðar. Tvö af nautunum úr árgangi 2012 eru valin sem nautsfeður.

Árgangur 2012 kemur allur til dóms núna auk yngstu nautanna úr árgangi 2013. Þessi tíu nýju naut eru undan sex nautsfeðrum, Birtingur 05043 frá Birtingaholti I á fjóra syni, Koli 06003 frá Sólheimum á tvo syni og Ófeigur 02016 frá Þríhyrningi, Gyllir 03007 frá Dalbæ, Ári 04043 frá Stóra-Ármóti og Vindill 05028 frá Ytri-Tjörnum eiga hver um sig einn son. Nýir nautsfeður eru Bakkus 12001 frá Auðsholti í Hrunamannahreppi

og Sjarmi 12090 frá Hrepphólum í Hrunamannahreppi. Áfram verða keyptir kálfar undan þeim nautum sem merkt voru sem nautsfeður í síðustu nautaskrá.

Nautin í skránni eru allt öflug naut og líkleg til kynbóta. Það er því nauðsynlegt að minna á það að kynbótaskipulagið gerir ráð fyrir að óreynd naut séu notuð til helminga á við reynd naut.

Þá er einnig mikilvægt að huga vel að skyldleika og para ekki saman mjög skyldum einstaklingum. Þannig treystum við stöðir ræktunarstarfsins til lengri tíma lítið. RML veitir bændum liðsinni í þessum efnum og er bændum bent á að skoða gerð pörunaráætlunar fyrir búið.

Þá hafa viðtökur við SpermVital sæði verið góðar en nokkuð er það misjafnt milli svæða.

Um næstu áramót kemur næsta Nautaskrá með ýmsum frekari fróðleik um naut og ræktun.



NBÍ ehf, Hesti  
Sveinbjörn Eyjólfsson

## KYNBÓTAMAT REYNDRA NAUTA SEM FARIÐ HAFU ÚR DREIFINGU Á SÍÐUSTU MÁNUÐUM

Hér fyrir neðan má sjá töflu með kynbótamati reyndra nauta sem farið hafa úr dreifingu á síðustu mánuðum. Ástæður þess að dreifingu úr þeim er hætt eru ýmist þær að sæði er uppuríð, þau höfðu verið í notkun lengi eða notkun var orðin mjög takmörkuð. Þessi listi er birtur til gagns og gamans fyrir þá sem eiga kýr/kvígur undan þessum nautum eða hafa látið sæða með þeim á síðustu misserum.

NAUT OG NR	MJÓLK	FITA%	PRÓT%	AFURÐIR	FRJÓSEMI	FRUMJUTALA	GÆÐARÖÐ	SKR.	JÚGUR	SPEVAR	MJALTIR	SKAP	ENDING	HEILD
<b>Keipur</b> 07-054	122	96	98	118	114	89	105	111	110	100	109	89	107	109
<b>Blámi</b> 07-058	110	85	100	109	102	109	100	110	114	115	92	104	108	108
<b>Blómi</b> 08-017	108	92	87	101	105	128	95	112	113	128	93	100	115	107
<b>Þáttur</b> 08-021	87	117	122	100	88	95	100	80	103	121	113	112	118	104
<b>Gustur</b> 09-003	96	108	117	105	103	106	100	97	110	101	103	117	109	106
<b>Bolti</b> 09-021	124	92	104	124	78	86	115	111	112	101	112	100	92	109
<b>Neptúnus</b> 10-079	98	111	118	107	113	82	88	102	105	107	108	96	104	104
<b>Úranus</b> 10-081	141	85	94	131	92	88	135	105	112	100	130	126	107	118
<b>Bætir</b> 10-086	90	113	106	94	110	90	100	108	106	101	112	124	117	102
<b>Úlli</b> 10-089	116	106	112	119	113	108	118	102	106	99	113	108	101	112

# KYNBÓTAMAT MEÐ NÝJU MÆLIDAGALÍKANI



## GUÐMUNDUR JÓHANNESSON

**Í vetur tók fagráð í nautgripærækt ákvörðun um að taka upp nýja aðferð við útreikninga á kynbótamati fyrir afurðaeiginleika og frumutölu.**

**Hin nýja aðferð byggir á svokölluðu mælidagalíkani þar sem dagsnyt er lögð til grundvallar útreikningunum í stað heilla mjaltaskeiðsafurða áður.**

**Mælidagalíkanið vann Jón Hjalti Eiríksson í meistara- verkefni sínu við Landbúnaðarháskóla Íslands og hafa hann og Elsa Albertsdóttir haft veg og vanda af útreikningum matsins.**

Mælidagalíkan notar mun fleiri mælingar í útreikningum matsins en áður sem gerir alla vinnslu mun þyngri en kostirnir liggja í því að leiðréttingar fyrir umhverfisáhrifum verða betri og nákvæmari auk þess sem hægt er að nýta mælingar á yfirstandandi mjaltaskeiði dætra nautanna. Það þýðir að afurðaupplýsingar skila sér mun fyrr inn í kynbótamatið eins og endurspeglast í vali nauta að þessu sinni. Að lokinni vinnlu matsins núna var hægt að afkvæmadæma öll naut fædd 2012 og nokkur naut fædd 2013 en með eldri aðferð hefði það verið óhugsandi.

Hið nýja mælidagalíkan skilar því auknum erfðaframbörum en með því að hægt er að flýta afkvæmadómi um 12-15 mánuði. Auk þessa er um að ræða mun hærra arfgengi en áður hefur verið metið hérlendis sem rennir styrkari stoðum undir matið og styður enn frekar val nautanna til áframhaldandi notkunar fyrr en ella.

Nýjar aðferðir þýða auðvitað ákveðnar breytingar sem endurspeglast í mati einstakra gripa. Þannig hafa ákveðnir gripir ýmist lækkað eða hækkað í mati þó innbyrðis röðun hafi lítið sem ekkert breyst. Þetta sjáum við glögggt á samannburði eldra og nýs mats hjá þeim reyndu nautum sem eru í notkun.

Að þessu sinni koma 10 ný naut inn sem reynd naut, sjö fædd 2012 og þrjú fædd 2013. Þessi naut hafa ýmsa kosti til að bera og er sérstaklega ánægjulegt að sjá að nokkur þeirra skila gríðarlega öflugri júgur- og spenagerð. Val þeirra til áframhaldandi notkunar er í góðum takti við ályktun síðasta aðalfundar Landssambands kúabænda sem beindi þeim tilmælum til fagráðs að leggja aukna áherslu á þessa þætti.

Fagráð í nautgripærækt ákvað auk þessa að setja syni Birtings til áframhaldandi notkunar þó svo fram hafi komið eitt tilvik fláttu á kú undan honum. Ástæðan er sú að engar vísbendingar hafa komið fram um alvarlega spenagalla hjá dætrum sona hans auk þess sem engin fleiri fláttutílvik hafa komið fram

hjá afkomendum Birtings. Auk þessa vann Karen Björg Gestsdóttir rannsókn á spenagöllum í íslenska kúastofninum og skoðaði sérstaklega tíðni spenagalla hjá kúm þar sem Birtingur 05043 og Umbi 98036 voru faðir eða móðurfaðir. Hjá þeim kúm kom ekki fram neitt sem réttlætt getur að taka þessi naut ekki til notkunar. Hins vegar er mikilvægt að hafa allan vara á og tilkynna um spena- og júgurgalla. Rétt er að ítreka að það er kallað flátta þegar fram- og afturspenar eru samvaxnir.



# BAKKUS 12001

201216671611023

Ófeigur 02016  
200215241910016

Völsungur 94006  
199415348010006

Björk 284,  
Þríhyrningi  
199515241910284

Mæja 727  
200816671610727

Frami 05034  
200514648610244

Rauðskinna 477  
200316671610477



Rauðkollhúppóttur, sokkóttur með stjörnu, kollóttur.

FÆDDUR 8. janúar 2012

RÆKTANDI Auðsholtsbúið ehf., Auðsholti, Hrunamannahreppi

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								119
Fituhlutfall								96
Próteinhlutfall								109
Afurdir								121
Frjósemi								110
Frumutala								90
Gæðaröð								115
Skrokkur								105
Boldýpt								120
Útlögur								115
Júgur								101
-festa								103
-Band								106
-Dýpt								98
Spenar								97
-Lengd								91
-Þykkt								59
-Staða								84
Mjaltir								115
Skap								127
Ending								111
Heildareinkunn								113

## LÝSING/DÆTUR

Dætur Bakkusar eru stórar og mjólkurlagnar kýr. Fituhlutfall í mjólk er um meðallag en próteinhlutfall fremur hátt. Þetta eru nokkuð háfættar, boldjúpar og útlögumiklar kýr með eilítið veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar og vel gerðar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, festa í meðallagi, júgurband í góðu meðallagi og júgrin meðalvel borin. Spenar eru vel gerðir, grannir og heldur gleitt settir. Mjaltir eru mjög góðar og lítið er um galla í mjóltum. Skap þessara kúa er úrvalsgott.

## UM MÓÐUR:

Mæja 727, fædd í janúar 2008 í Auðsholti. Kolótt, kollótt. Fargað í október 2015. Bar fyrst í janúar 2011 og fjórum sinnum eftir það, síðast í maí 2015. Hélt nokkuð reglulegum burðartíma. Skráðar æviafurðir eru 34.896 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 8.441 kg (2014) með fituhlutfall 4,22% og próteinhlutfall 3,41%.

## MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: 72

LEKAR	3%
MJÓLKAST SEINT	4%
SELJA ILLA	4%
MISMJÓLKAST	7%
SKAPGALLAÐAR	4%

ALGENGASTI GRUNNLITUR:	<b>RAUÐIR/KOLÓTTIR</b>
EINLITAR/TVÍLITAR:	<b>23/67%</b>
ALGENGASTI TVÍLITUR:	<b>Húppóttur</b>
GRÁIR LITIR:	<b>Nei</b>
HYRND AFKVÆMI:	<b>Já</b>

ÚTLITSDÓMUR **88 stig**

KYNBÓTAEINKUNN	<b>111</b>
AFURÐIR	<b>116</b>

Stórar kýr með mikla afurðagetu | Meðalgóð júgurgerð, grannir og nokkuð gleitt settir spenar | Góðar mjaltir og úrvalsgott skap

# PIPAR 12007

## 201215258710852



Rauðbröndóttur, kollóttur.

FÆDDUR 21. janúar 2012

RÆKTANDI Félagsbúið, Espihóli, Eyjafirði

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								103
Fituhlutfall								120
Próteinhlutfall								114
Afurdir								109
Frjósemi								97
Frumutala								102
Gæðaröð								99
Skrokkur								106
Boldýpt								124
Útlögur								114
Júgur								113
-festa								113
-Band								124
-Dýpt								109
Spenar								110
-Lengd								107
-Þykkt								90
-Staða								127
Mjaltir								112
Skap								96
Ending								98
Heildareinkunn								106

**Gyllir 03007**  
200316673510007

**Seifur 95001**  
199513601110001

**Fluga 254, Dalbæ**  
199716673510254

**759**  
200915258710759

**Flói 02029**  
200216622810029

**671**  
200615258710671

### LÝSING/DÆTUR

Dætur Pipars eru í meðallagi mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll í mjólk eru mjög há. Þetta eru stórar og nokkuð háfættar kýr, boldjúpar með miklar útlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, mikil festa, sterkt júgurband og þau vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt sérlega vel settir. Mjaltir eru góðar og lítið er um galla í mjóltum. Skapið er í meðallagi hjá þessum kúm.

### UM MÓÐUR:

Kýr nr. 759, fædd í desember 2009 á Espihóli. Rauðbrandskjöldótt, kollótt. Fargað í desember 2013. Bar fyrst í janúar 2012 og einu sinni eftir það, í janúar 2013. Skráðar æviafurðir eru 11.217 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 6.479 kg (2013) með fituhlutfall 6,59% og próteinhlutfall 3,97%.

### MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **69**

LEKAR	<b>0%</b>
MJÓLKAST SEINT	<b>3%</b>
SELJA ILLA	<b>1%</b>
MISMJÓLKAST	<b>7%</b>
SKAPGALLAÐAR	<b>12%</b>

ALGENGASTI GRUNNLITUR: **RAUÐIR/BRÖNDÓTTIR**

EINLITAR/TVÍLITAR: **57/43%**

ALGENGASTI TVÍLITUR: **Huppóttur**

GRÁIR LITIR: **Nei**

HYRND AFKVÆMI: **Já**

ÚTLITSDÓMUR **86 stig**

KYNBÓTAEINKUNN **107**

AFURÐIR **116**

Mjög há efnahlutföll | Úrvalsgóð júgurgerð og vel settir spenar | Mjaltir góðar og skap í meðallagi

# KRAFTUR 12024

201215377110276

Ári 04043  
200416627411040

Stígur 97010  
199716626810010

Hönk 213,  
Stóra-Armóti  
200216627410213

Rauðka 222  
200815377110222

Kambur 06022  
200616682810280

Skrauta 195  
200615377110195



Rauðkollhuppóttur, sokkóttur með stjörnu, kollóttur.

FÆDDUR 8. apríl 2012

RÆKTANDI Ingjaldsstaðabú ehf., Ingjaldsstöðum, Þingeyjarsveit

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								106
Fituhlutfall								101
Próteinhlutfall								103
Afurdir								106
Frjósemi								90
Frumutala								108
Gæðaröð								120
Skrokkur								103
Boldýpt								111
Útlögur								109
Júgur								113
-festa								110
-Band								107
-Dýpt								119
Spenar								99
-Lengd								85
-Þykkt								108
-Staða								108
Mjaltir								101
Skap								109
Ending								102
Heildareinkunn								104

## LÝSING/DÆTUR

Dætur Krafts eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar kýr og efnahlutföll eru yfir meðallagi. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldjúpar með góðar útlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, mikil festa, gott júgurband og júgrin eru sérstaklega vel borin. Spenar eru vel gerðir, eilítið langir en hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru í meðallagi og aðeins um seinmjólka kýr í hópnum. Skap þessara kúa er gott.

## UM MÓÐUR:

Rauðka 222, fædd í október 2008 á Ingjaldsstöðum. Rauð, kollótt. Fargað í ágúst 2015. Bar fyrst í desember 2010 og þrisvar sinnum eftir það, síðast í júní 2014. Færði burð aftur á öðrum kálfi. Skráðar æviafurðir eru 33.758 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 7.978 kg (2013) með fituhlutfall 4,18% og próteinhlutfall 3,51%.

## MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MED MJALTAATHUGUN: 79

LEKAR	1%
MJÓLKAST SEINT	13%
SELJA ILLA	3%
MISMJÓLKAST	9%
SKAPGALLAÐAR	6%

ALGENGASTI GRUNNLITUR:	<b>RAUÐIR</b>
EINLITAR/TVÍLITAR:	<b>27/73%</b>
ALGENGASTI TVÍLITUR:	<b>Huppóttur/skjöldóttur</b>
GRÁIR LITIR:	<b>Nei</b>
HYRND AFKVÆMI:	<b>Nei</b>

ÚTLITSDÓMUR **87 stig**

KYNBÓTAEINKUNN	<b>108</b>
AFURÐIR	<b>110</b>

Stórar og háfættar kýr | Vinsælar kýr með mjög góða júgurgerð | Meðalmjaltir og gott skap

# LOKI 12071

## 201213624510689



Dökkkolsokkóttur, smáhuppóttur m/lauf í enni, kollóttur.

FÆDDUR 19. október 2012

RÆKTENDUR Ásthildur og Birgir, Bakka, Kjalarnesi

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								110
Fituhlutfall								100
Próteinhlutfall								105
Afurdir								111
Frjósemi								105
Frumutala								84
Gæðaröð								96
Skrokkur								104
Boldýpt								94
Útlögur								97
Júgur								117
-festa								118
-Band								107
-Dýpt								120
Spenar								104
-Lengd								95
-Þykkt								96
-Staða								122
Mjaltir								112
Skap								94
Ending								113
Heildareinkunn								107

**Birtingur 05043**  
200516672511229

**Huppa 356**  
200812565610356

**Stígur 97010**  
199716626810010

**Skjalda 428,**  
**Birtingaholti 1**  
200216672510428

**Pröstur 00037**  
200016634210037

**Framtíð 225**  
200312565610225

### LÝSING/DÆTUR

Dætur Loka eru mjólkurlagnar kýr og efnahlutföll eru um eða yfir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, hvorki boldjúpar né útlögumiklar en yfirlína er nokkuð bein. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er góð, bein og sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er úrvalsgóð, mjög mikil festa, júgurband nokkuð áberandi og júgrin ákaflega vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt, og mjög vel settir. Mjaltir þessara kúa eru mjög góðar og gallar í mjóltum fátíðir. Skapið er í tæpu meðallagi.

### UM MÓÐUR:

Huppa 356, fædd í maí 2008 á Bakka. Brandhuppótt, kollótt. Fargað í mars 2015. Bar fyrst í október 2010 og fjórum sinnum eftir það, síðast í nóvember 2014. Hélt nokkuð reglulegum burðartíma. Skráðar æviafurðir eru 34.687 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 8.826 kg (2014) með fituhlutfall 3,78% og próteinhlutfall 3,30%.

### MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **88**

LEKAR	<b>2%</b>
MJÓLKAST SEINT	<b>3%</b>
SELJA ILLA	<b>0%</b>
MISMJÓLKAST	<b>10%</b>
SKAPGALLAÐAR	<b>13%</b>

ALGENGASTI GRUNNLITUR: **RAUÐIR/KOLÓTTIR**

EINLITAR/TVÍLITAR: **37/63%**

ALGENGASTI TVÍLITUR: **Huppóttur**

GRÁIR LITIR: **Nei**

HYRND AFKVÆMI: **Nei**

ÚTLITSDÓMUR **85 stig**

KYNBÓTAEINKUNN **103**

AFURÐIR **107**

Mjólkurlagnar kýr | Úrvalsgóð júgur- og spenagerð | Góðar mjaltir og skap í tæpu meðallagi



# SJARMÍ 12090

201216676710763

**Koli 06003**  
200616683110279

**Fontur 98027**  
199816762910027

**Elsa 226,**  
**Sólheimur**  
200116683110226

**Baula 474**  
200716676710474

**Laski 00010**  
200016673510010

**Gýgja 368**  
200516676710368



Rauðbröndóttur, kollóttur.

FÆDDUR 8. apríl 2012

RÆKTANDI Ólafur Stefánsson, Hrepphólum, Hrunamannahreppi

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								122
Fituhlutfall								89
Próteinhlutfall								100
Afurðir								117
Frjósemi								89
Frumutala								114
Gæðaröð								113
Skrokkur								105
Boldýpt								101
Útlögur								106
Júgur								112
-festa								111
-Band								113
-Dýpt								112
Spenar								124
-Lengd								112
-Þykkt								86
-Staða								125
Mjaltir								109
Skap								112
Ending								100
Heildareinkunn								112

## LÝSING/DÆTUR

Dætur Sjarmí eru mjög mjólkurlagnar kýr en fituhlutfall í mjólk er undir meðallagi og próteinhlutfall um meðaltal. Þetta eru fremur stórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, boldýpt þeirra er í meðallagi, útlögur miklar en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er aðeins hokin en gleið. Júgurgerðin er afbragðsgóð, mikil festa, áberandi júgurband og júgrin eru vel borin. Spenar eru vel gerðir, í tæpu meðallagi að lengd og þykkt og mjög vel settir. Mjaltir þessara kúa eru góðar og mjaltagallar fátíðir þó nokkrar fái þá umsögn að vera seinar. Skapið er gott.

## UM MÓÐUR:

Baula 474, fædd í september 2007 í Hrepphólum. Rauð, kollótt. Fargað í júní 2013. Bar fyrst í nóvember 2009 og þrisvar síðum eftir það, síðast í desember 2012. Hélt nokkuð reglulegum burðartíma. Skráðar æviafurðir eru 28.229 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 9.568 kg (2011) með fituhlutfall 3,57% og próteinhlutfall 3,31%.

## MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **61**

LEKAR	<b>2%</b>
MJÓLKAST SEINT	<b>10%</b>
SELJA ILLA	<b>0%</b>
MISMJÓLKAST	<b>8%</b>
SKAPGALLAÐAR	<b>10%</b>

ALGENGASTI GRUNNLITUR: **RAUÐIR/BRÖNDÓTTIR**

EINLITAR/TVÍLITAR: **89/11%**

ALGENGASTI TVÍLITUR: **Huppóttur**

GRÁIR LITIR: **Já**

HYRND AFKVÆMI: **Nei**

ÚTLITSDÓMUR **88 stig**

KYNBÓTAEINKUNN **108**

AFURÐIR **112**

Mjólkurlagnar kýr, fituhlutfall undir meðallagi | Úrvalsgóð júgurgerð | Góðar mjaltir og gott skap



# DÚETT 12097

## 201216633010703

**Birtingur 05043**  
200516672511229

**Stígur 97010**  
199716626810010

**Skjalda 428,  
Birtingaholti 1**  
200216672510428

**Dúlla 593**  
201016633010593

**Dúllari 07024**  
200715284210239

**Sverta 386**  
200416633010386



Rauðkolskjöldóttur, kollóttur.

FÆDDUR 27. desember 2012

RÆKTENDUR Einar og Elín, Egilsstaðakoti, Flóa

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								99
Fituhlutfall								113
Próteinhlutfall								123
Afurdir								111
Frjósemi								100
Frumutala								102
Gæðaröð								101
Skrokkur								99
Boldýpt								85
Útlögur								92
Júgur								102
-festa								100
-Band								91
-Dýpt								107
Spenar								103
-Lengd								90
-Þykkt								100
-Staða								105
Mjaltir								109
Skap								97
Ending								111
Heildareinkunn								107

### LÝSING/DÆTUR

Dætur Dúetts eru meðalkýr hvað mjólkurafköst snertir en efnahlutföll eru mjög há. Þetta eru nokkuð stórar og háfættar kýr, fremur bolgrunnar, ekki útlögumiklar en yfirlína er nokkuð bein. Malirnar eru fremur grannar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er aðeins hokin en sterkleg að öðru leyti. Júgurgerðin er meðalgóð, festa um meðallag en júgurband lítt áberandi og júgrin prýðilega borin. Spenar eru vel gerðir, eilítið langir, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir þessara kúa eru góðar og gallar í mjóltum fátíðir. Skapið er um meðallag.

### UM MÓÐUR:

Dúlla 593, fædd í janúar 2010 í Egilsstaðakoti. Svört, kollótt. Fargað í nóvember 2016. Bar fyrst í janúar 2012 og fjórum sinnum eftir það, síðast í júní 2016. Seinkaði aðeins burði á tveimur síðustu kálfum. Skráðar æviafurðir eru 37.156 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 8.862 kg (2014) með fituhlutfall 4,35% og próteinhlutfall 3,38%.

### MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **78**

LEKAR	<b>5%</b>
MJÓLKAST SEINT	<b>3%</b>
SELJA ILLA	<b>0%</b>
MISMJÓLKAST	<b>8%</b>
SKAPGALLAÐAR	<b>12%</b>

ALGENGASTI GRUNNLITUR:	<b>RAUÐIR</b>
EINLITAR/TVÍLITAR:	<b>25/75%</b>
ALGENGASTI TVÍLITUR:	<b>Huppóttur/skjöldóttur</b>
GRÁIR LITIR:	<b>Nei</b>
HÝRND AFKVÆMI:	<b>Nei</b>

ÚTLITSDÓMUR **83** stig

KYNBÓTAEINKUNN	<b>100</b>
AFURÐIR	<b>105</b>

Há efnahlutföll | Júgurgerð um meðallag – góð spenagerð | Góðar mjaltir og skap um meðallag

# POLKI 12099

## 201216676710763

**Koli 06003**  
200616683110279

**Fontur 98027**  
199816762910027

**Elsa 226,**  
**Sólheimum**  
200116683110226

**Auðlind 593**  
200916622810593

**Spotti 01028**  
200116622810028

**Gleði 360**  
200516622810360



Svartur með hvítt á afturfótum, hnýflóttur.

FÆDDUR 30. desember 2012

RÆKTANDI Ketill Ágústsson, Brúnastöðum, Flóa

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								96
Fituhlutfall								107
Próteinhlutfall								110
Afurdir								103
Frjósemi								90
Frumutala								107
Gæðaröð								107
Skrokkur								103
Boldýpt								84
Útlögur								88
Júgur								124
-festa								122
-Band								134
-Dýpt								122
Spenar								123
-Lengd								134
-Þykkt								78
-Staða								137
Mjaltir								98
Skap								95
Ending								109
Heildareinkunn								105

### LÝSING/DÆTUR

Dætur Polka eru í meðallagi mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll eru góð. Þetta eru meðalstórar og fremur háfættar kýr, bolgrunnar og fremur útlögulitlar með aðeins veika yfirlínu. Malrinar eru grannar, nokkuð beinar en þaklaga. Fótstaða er bein, rétt og gleið. Júgurgerðin er frábærlega góð, gríðarmikil festa, einstaklega áberandi júgurband og júgrin sérlega vel borin. Spenar eru vel gerðir, stuttir og grannir og framúrskarandi vel settir. Mjaltir þessara kúa eru í meðallagi og mjaltagallar fátíðir. Skapið er í tæpu meðallagi.

### UM MÓÐUR:

Auðlind 593, fædd í janúar 2009 á Brúnastöðum. Rauðhuppótt, kollótt. Bar fyrst í janúar 2011 og hefur borið sex sinnum eftir það, síðast í nóvember 2017. Hefur haldið mjög reglulegum burðartíma og þrisvar eignast tvíkelfinga. Skráðar æviafurðir eru 51.610 kg. Mestar afurðir á einu ári hingað til voru 8.428 kg (2016) með fituhlutfall 3,76% og próteinhlutfall 3,07%.

### MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **62**

LEKAR	<b>2%</b>
MJÓLKAST SEINT	<b>5%</b>
SELJA ILLA	<b>0%</b>
MISMJÓLKAST	<b>5%</b>
SKAPGALLAÐAR	<b>5%</b>

ALGENGASTI GRUNNLITUR:	<b>RAUÐIR/SVARTUR</b>
EINLITAR/TVÍLITAR:	<b>40/60%</b>
ALGENGASTI TVÍLITUR:	<b>Sokkóttur/huppóttur</b>
GRÁIR LITIR:	<b>Já</b>
HYRND AFKVÆMI:	<b>Já</b>

ÚTLITSDÓMUR **89 stig**

KYNBÓTAEINKUNN	<b>101</b>
AFURÐIR	<b>103</b>

Afurðasemi um meðallag, góð efnahlutföll | Frábær júgurgerð – framúrskarandi vel settir spenar | Mjaltir og skap um meðallag

# JÖRFI 13011

## 20131360661364

**Birtingur 05043**  
200516672511229

**Stígur 97010**  
199716626810010

**Skjalda 428,  
Birtingaholti 1**  
200216672510428

**Gústa 643**  
200916622810643

**Skurður 02012**  
200216381010012

**Dvara 500,  
Brúnastöðum**  
200716622810500



Brandskjöldóttur, kollóttur.

**FÆDDUR** 5. febrúar 2013

**RÆKTANDI** Jörfabúið sf., Jörfa, Borgarbyggð

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								106
Fituhlutfall								115
Próteinhlutfall								113
Afurdir								113
Frjósemi								97
Frumutala								103
Gæðaröð								98
Skrokkur								108
Boldýpt								78
Útlögur								87
Júgur								128
-festa								125
-Band								126
-Dýpt								133
Spenar								109
-Lengd								98
-Þykkt								97
-Staða								118
Mjaltir								103
Skap								104
Ending								100
Heildareinkunn								109

### LÝSING/DÆTUR

Dætur Jörfa eru fremur mjólkurlagnar með há efnahlutföll í mjólk. Þetta eru meðalstórar og háfættar kýr, bolgrunnar, ekki útlögumiklar en yfirlína er bein. Malirnar eru fremur grannar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er nokkuð bein og gleið. Júgurgerðin er frábær, geysimikil festa, áberandi júgurband og júgrin einstaklega vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt og mjög vel settir. Mjaltir þessara kúa eru í góðu meðallagi og gallar í mjóltum fátíðir. Skapið er um meðallag.

### UM MÓÐUR:

Gústa 643, fædd í nóvember 2009 á Brúnastöðum. Brandskjöldótt, kollótt. Bar fyrst í desember 2011 og fimm sinnum eftir það, síðast í október 2017. Seinkaði aðeins burði á þriðja kálfi. Skráðar æviafurðir eru 49.124 kg. Mestar afurðir á einu ári hingað til voru 8.320 kg (2017) með fituhlutfall 4,68% og próteinhlutfall 3,60%.

### MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **61**

LEKAR	<b>0%</b>
MJÓLKAST SEINT	<b>5%</b>
SELJA ILLA	<b>2%</b>
MISMJÓLKAST	<b>7%</b>
SKAPGALLAÐAR	<b>7%</b>

ALGENGASTI GRUNNLITUR:	<b>RAUÐIR/BRÖNDÓTTIR</b>
EINLITAR/TVÍLITAR:	<b>19/81%</b>
ALGENGASTI TVÍLITUR:	<b>Skjöldóttur</b>
GRÁIR LITIR:	<b>Nei</b>
HYRND AFKVÆMI:	<b>Nei</b>

**ÚTLITSDÓMUR** **86 stig**

KYNBÓTAEINKUNN	<b>108</b>
AFURÐIR	<b>115</b>

Há efnahlutföll | Frábær júgurgerð og vel settir spenar | Mjaltir og skap í góðu meðallagi

# VÍKINGUR 13017

## 201313630410596

**Birtingur 05043**  
200516672511229

**Stígur 97010**  
199716626810010

**Skjalda 428,**  
**Birtingaholti 1**  
200216672510428

**Duna 390**  
200613630410390

**Ingjaldur 04011**  
20041537710169

**Hermína 344**  
200413630410344



Dökkolskjöldóttur, kollóttur.

FÆDDUR 7. febrúar 2013

RÆKTANDI Guðjón og Guðný, Syðri-Knarrartungu, Breiðuvík

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								113
Fituhlutfall								85
Próteinhlutfall								108
Afurdir								116
Frjósemi								106
Frumutala								111
Gæðaröð								104
Skrokkur								105
Boldýpt								90
Útlögur								98
Júgur								106
-festa								105
-Band								107
-Dýpt								108
Spenar								91
-Lengd								79
-Þykkt								105
-Staða								90
Mjaltir								97
Skap								109
Ending								114
Heildareinkunn								110

### LÝSING/DÆTUR

Dætur Víkings eru mjólkurlagnar, fituhlutfall er lágt en próteinhlutfall hátt. Þetta eru stórar og háfættar kýr, fremur bolgrunnar með meðalútlögur og mjög beina og sterklega yfirlínu. Malinar eru fremur grannar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er bein og gleið. Júgurgerðin er góð, góð júgurfasta festa, júgurband nokkuð áberandi og júgrin prýðilega borin. Spenar eru heldur langir en hæfilega þykkir og eilítið gleitt settir. Mjaltir þessara kúa eru um meðallag og gallar í mjöltum fátíðir. Skapið er gott.

### UM MÓÐUR:

Duna 390, fædd í ágúst 2006 í Syðri-Knarrartungu. Brandskjöldótt, kollótt. Fargað í janúar 2016. Bar fyrst í október 2008 og fimm sinnum eftir það, síðast í maí 2014. Seinkaði aðeins burði á tveimur síðustu kálfum. Skráðar æviafurðir eru 49.001 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 8.994 kg (2013) með fituhlutfall 4,06% og próteinhlutfall 3,23%.

### MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **73**

LEKAR	<b>1%</b>
MJÓLKAST SEINT	<b>5%</b>
SELJA ILLA	<b>3%</b>
MISMJÓLKAST	<b>7%</b>
SKAPGALLAÐAR	<b>5%</b>

ALGENGASTI GRUNNLITUR:	<b>KOLÓTTIR</b>
EINLITAR/TVÍLITAR:	<b>36/64%</b>
ALGENGASTI TVÍLITUR:	<b>Huppóttur/skjöldóttur</b>
GRÁIR LITIR:	<b>Nei</b>
HYRND AFKVÆMI:	<b>Já</b>

ÚTLITSDÓMUR **83 stig**

KYNBÓTAEINKUNN	<b>106</b>
AFURÐIR	<b>117</b>

Mjólkurlagnar kýr, lág fitu% en há prótein% | Góð júgurgerð en langir spenar | Meðalmjaltir og gott skap

# HÁLFMÁNI 13022

## 201316823310277

**Vindill 05028**  
200515283510627

**Stígur 97010**  
199716626810010

**Kúba 544,  
Ytri-Tjörnum**  
200215283510544

**Gríma 468**  
200716548810468

**Laski 00010**  
200016673510010

**Snara 416,  
Hólshúsum**  
200516548810416



Ljósrauðkollhúppóttur með hvítt í enni, kollóttur.

FÆDDUR 1. mars 2013

RÆKTANDI Sveinn Hjartarson, Brjansstöðum, Grímsnesi

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								116
Fituhlutfall								120
Próteinhlutfall								117
Afurdir								123
Frjósemi								91
Frumutala								94
Gæðaröð								113
Skrokkur								99
Boldýpt								78
Útlögur								85
Júgur								101
-festa								98
-Band								98
-Dýpt								105
Spenar								110
-Lengd								116
-Þykkt								100
-Staða								105
Mjaltir								107
Skap								113
Ending								99
Heildareinkunn								111

### LÝSING/DÆTUR

Dætur Hálfmána eru mjög mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru mjög há. Þetta eru meðalstórar og háfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, beinar og aðeins þaklaga. Fótstaða er bein en frekar þröng. Júgurgerðin er meðalgóð, festa um meðallag en júgurband ekki mjög áberandi og júgrin prýðilega borin. Spenar eru vel gerðir, frekar stuttir, hæfilega þykkir og ágætlega settir. Mjaltir þessara kúa eru góðar og gallar í mjóltum fátíðir. Skapið er mjög gott.

### UM MÓÐUR:

Gríma 468, fædd í september 2007 í Hólshúsum. Dökkkollótt, kollótt. Fargað í nóvember 2015. Bar fyrst í janúar 2010 og fimm sinnum eftir það, síðast í febrúar 2015. Hélt nokkuð reglulegum burðartíma. Skráðar æviafurðir eru 38.464 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 6.991 kg (2013) með fituhlutfall 3,72% og próteinhlutfall 3,35%.

### MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MED MJALTAATHUGUN: **38**

LEKAR	<b>3%</b>
MJÓLKAST SEINT	<b>3%</b>
SELJA ILLA	<b>3%</b>
MISMJÓLKAST	<b>5%</b>
SKAPGALLAÐAR	<b>5%</b>

ALGENGASTI GRUNNLITUR:	<b>RAUÐIR</b>
EINLITAR/TVÍLITAR:	<b>38/62%</b>
ALGENGASTI TVÍLITUR:	<b>Húppóttur/skjöldóttur</b>
GRÁIR LITIR:	<b>Nei</b>
HYRND AFKVÆMI:	<b>Nei</b>

ÚTLITSDÓMUR **87 stig**

KYNBÓTAEINKUNN	<b>111</b>
AFURÐIR	<b>121</b>

Mikil mjólkurlagni og há efnahlutföll | Júgurgerð um meðallag | Góðar mjaltir og mjög gott skap









# MIKIÐ AÐ SÆKJA Í AUKNAR ÆVIAFURÐIR KÚNNNA

**Menn beina nú sjónum sínum í auknum mæli að aukinni endingu mjólkurkúa og æviafurðum þeirra fremur en að einblína á ársnyt. Á fagþingi nautgriparáættarinnar í Danmörku í febrúar s.l. flutti prófessor Albert De Vries hjá Háskólanum í Flórída erindi um endingu og æviafurðir.**

Í erindi hans kom fram að í Bandaríkjunum er endurnýjunarhlutfallið 38% og kýrnar mjólka til jafnaðar í 2 ár og 8 mánuði, þ.e. frá fyrsta burði til sláturdags. De Vries heldur því fram að stór hluti skýringarinnar séu hefðir eða venjur, þ.e. bændur hafi vanist því að setja á allar þær kvígur sem fæðast og að kerfið hafi ýtt undir það með því að mikil endurnýjun sé að hluta drifkraftur erfðaframsfara. Auk þessa sé lítill eða enginn markaður í Bandaríkjunum fyrir kvígur og lítið út úr því að hafa að rækta blendingskvígur til kjötframleiðslu. Þá segir De Vries lítinn skilning á því hversu mikið uppeldi kvígna kosti. Þessi sviðsmynd sem De Vries dregur upp hljómar kunnuglega og ekki fjarri því að aðstæður hér á Islandi séu nákvæmlega hinar sömu.

Hver kvíga byrjar ekki að greiða niður uppeldiskostnaðinn fyrr en hún fer að mjólka. Nyttin segir til um hversu lengi hún er að mjólka fyrir uppeldiskostnaðinum og hvenær hún fer raunverulega að skila hagnaði. Reyndin er sú að mikill fjöldi kvígna nær aldrei að greiða uppeldiskostnaðinn. De Vries hefur skoðað áhrif endurnýjunarhlutfalls á fóðurnotkun kvígna í uppeldi deilt út á kýrnar í hjörðinni. Hátt endurnýjunarhlutfall þýðir að margar kvígur eru í uppeldi á hverjum tíma og því verður fóðurnýting slök þegar fóðurnotkun kvígnanna er deilt út á kýrnar. Á 100 kúa búi þar sem kvígurnar bera 24 mánaða þýðir lækkun endurnýjunarhlutfalls úr 40% í 25% allt að 33% minni fóðurnotkun í kvígur í uppeldi.

Til að finna hagkvæmasta endurnýjunarhlutfallið segir De Vries að meta verði uppeldiskostnað og framleiðslu mjólkur (kýr mjólka venjulega mest á 4. mjólkurskeiði) á móti minni erfðaframsförum en með lægra endurnýjunarhlutfalli lengist ættliðabilið. Í bæði Bandaríkjunum og Hollandi hefur erfðafræðileg geta kúnna fyrir meiri æviafurðum aukist en í reynd hafa æviafurðir minnkað þrátt fyrir það.

Útreikningar hafi sýnt að hagkvæmast er að láta kýrnar mjólka sex mjólkurskeið. De Vries segir að bændur skorti verkfæri til þess að bera saman kosti þess að halda í kýrnar eða skipta þeim út með nýjum kvígum og þá hvenær. Afurðir kúnna og fangstaða hafa áhrif og eflaust hefur verið á kvígum til lífs einnig áhrif, segir De Vries.

Í Danmörku mjólka kýr að meðaltali 2,5 mjólkurskeið og fer það hægt og bítandi upp á við. Um 79% lifandi fæddra kvígna lifa fram yfir 1. burð en einungis 55% þeirra lifa 160 dögum eða lengur eftir 2. burð. Rasmus Skovgaard Stephansen hjá SEGES sagði að þar á bæ hafi menn skoðað æviafurðir nokkuð náið. Greinilegt sé að júgurheilbrigði hafi mikil áhrif og áhrif efnaskiptasjúkdóma væru litlu minni. Þá hefur frjósemi einnig allmikil áhrif á endingu kúnna og þar með æviafurðir þeirra.

Skovgaard Stephansen kynnti samburð á kúadómum og æviafurðum. Hann sagði að stærð eða hæð Holsteinkúa væri nú þegar komin fram úr æskilegum mörkum og þær mættu ekki verða stærri. Hvað aðra eiginleika snertir skipti betri fótstaða, betri beinabygging, meiri júgurfasta, betra júgurband og aðeins minni júgrudýpt miklu fyrir æviafurðir. Til styttri tíma litid væri hins vegar mest í betri bústjórn að sækja en til lengri tíma litid væri það fjárfesting í betri framleiðslu-aðstæðum með aukinni velferð gripa, betri fóðrunarháttum og kynbætur sem myndu auka æviafurðir.

Hérlandis er staðan sú að þær kýr sem fargað var á árinu 2017 höfðu borið 3,2 kálfum að meðaltali og mjólkað 17.048 kg til jafnaðar yfir æviskeiðið. Þá bera kvígur hér á landi mun eldri en annars staðar eða 28,4 mánaða gamlar að jafnaði.

## HVAÐ GETUM VIÐ LÆRT AF ÞESSU?

Sá lærdómur sem við getum dregið af þessu er sá að við eigum í auknum mæli að gefa gaum að æviafurðum kúnna. Nú stendur fyrir dyrum breyting á birtingu niðurstaðna í skýrsluhaldi nautgriparáættarinnar. Þar verður ákveðnum lykiltölum er varða ýmsa þætti frjósemi, heilsufars og endingu kúnna gert miklu mun hærra undir höfði en áður. Vonandi verður það til þess að auðvelda bændum að taka

ákvarðanir sem stuðla að enn hagkvæmari og betri rekstri en hingað til.

Nú er í gangi vinna við hagrænt vægi eiginleika í nautgriparáætt. Sú vinna mun að hluta til verða grunnur að breytingum á ræktunarmarkmiði íslenska kúastofnins sem endurspeglast í heildareinkunn gripanna í kynbótamati. Samkvæmt þeim niðurstöðum sem Skovgaard Stephansen kynnti þurfum við að huga að byggingu kúnna og megum hvergi slaka á í þeim efnum. Dönsku niðurstöðurnar sýna að það er beinlínis rangt að stækka kýrnar um of, fótstaða skiptir máli sem og júgurgerð. Þá hefur lengi verið vitað að frjósemi er einn mikilvægasti þátturinn í allri nautgriparáætt, bæði mjólkur- og kjötframleiðslu.

Ef við hugum að því atriði hvort við eigum að setja allar kvígur á eða ekki hníga mörg rök að því að við eigum ávallt að farga hluta kvígnanna eða þá nota ákveðinn hluta mjólkurkúnna til þess að framleiða blendingsgripi til kjötframleiðslu. Menn kúnna þá að spyrja hvort það þýði ekki minni erfðaframsförir. Því er til að svara að ekki er víst að svo sé. Verulegur hluti ásettra kvígna, eða 20-25%, ber aldrei og nýtist þá ræknarstarfinu ekki neitt. Þetta ætti því að hafa óveruleg áhrif á þann fjölda nauta sem við getum prófað á hverjum tíma. Með auknu vali í liðnum móðir-dóttir, þ.e. með því að velja þær kýr sem við viljum ala kvígur undan, getum við aukið úrvalsstyrk og þar með erfðaframsförum ef ending kúnna eykst vegna þess að þá verður ættliðabilið móðir-sonur/dóttir að öllum líkindum lengra.

Heilt yfir er hins vegar meiri hagkvæmni að sækja í aukna endingu kúnna. Það er því ávallt verulegt umhugsunarefni fyrir menn hvort farga eigi kúm til þess að rýma fyrir nýjum kvígum.

Til skemmri tíma litid geta menn þó eflaust sótt aukna hagkvæmni í betri stjórn á þeim þætti hversu margar kvígur eru í uppeldi á hverjum tíma með hliðsjón af því hver raunveruleg endurnýjunarþörf hjarðarinnar er. Hér gildir þó hið fornkvæða að auðveldara er um að tala en í að komast.

# AFKVÆMADÓMUR NAUTA FÆDDRA 2011

NAFN / NÚMÉR	MJÓLK	FITU%	PRÓT%	AFURÐIR	SEMI	FRJÓ- FRUMU- GÆÐA- TALA	RÖÐ	SKR.	JÚGUR	SPENAR	MJALTIR	SKAP	ENDING	HEILD	DÓMUR	FADIR/F.NR.
<b>Kunningi</b> 11-002	101	113	118	111	97	88	103	103	85	110	98	97	101	103	B	Flói 02029
<b>Súgandi</b> 11-004	93	75	92	88	114	119	78	90	89	88	94	103	109	96	C	Glæðir 02001
<b>Gýmir</b> 11-007	122	102	94	117	101	98	91	101	93	100	97	110	118	109	A	Ás 02048
<b>Hattur</b> 11-008	102	106	106	106	99	90	87	98	92	98	99	85	110	101	C	Ás 02048
<b>Afli</b> 11-010	120	78	84	108	100	92	108	99	87	99	92	107	113	103	C	Glæðir 02001
<b>Stólpi</b> 11-011	115	84	91	109	105	113	90	94	98	105	90	105	114	106	B	Lykill 02003
<b>Fáni</b> 11-017	112	110	113	119	90	91	91	103	48	104	101	97	95	102	C	Flói 02029
<b>Otur</b> 11-021	97	94	93	94	93	88	79	106	84	95	98	83	105	93	C	Ás 02048
<b>Vatnar</b> 11-022	103	100	93	97	88	92	93	108	87	104	102	82	105	95	C	Flói 02029
<b>Skalli</b> 11-023	114	88	97	110	90	106	100	107	105	104	101	114	104	106	A	Gyllir 03007
<b>Trosi</b> 11-026	102	102	98	101	82	91	100	111	90	92	101	123	115	100	C	Síríus 02032
<b>Djass</b> 11-029	93	95	102	95	97	88	92	109	102	92	104	116	113	99	C	Síríus 02032
<b>Stormur</b> 11-031	117	109	99	116	80	73	91	102	85	108	113	77	110	103	C	Flói 02029
<b>Gormur</b> 11-038	96	99	92	92	102	89	98	99	96	100	95	99	89	94	C	Glæðir 02001
<b>Vindur</b> 11-041	106	95	93	102	75	67	87	99	100	102	117	89	100	97	C	Ás 02048
<b>Laxi</b> 11-050	109	93	80	98	92	83	96	108	95	95	115	108	98	98	B	Síríus 02032
<b>Roði</b> 11-051	104	87	96	103	78	101	105	103	84	111	101	90	94	98	B	Ári 04043
<b>Skellur</b> 11-054	106	99	93	102	92	101	116	108	109	105	113	105	117	104	A	Ári 04043
<b>Ottó</b> 11-058	107	104	91	103	85	116	97	88	92	106	111	100	91	101	B	Tópas 03027
<b>Kóngur</b> 11-059	117	90	98	112	90	90	96	108	92	100	104	102	82	102	C	Gyllir 03007
<b>Öxndal</b> 11-061	99	95	119	110	89	95	80	104	117	100	98	75	103	103	C	Ófeigur 02016
<b>Sær</b> 11-063	113	90	92	105	80	93	96	94	112	98	113	88	98	101	B	Stássi 04024
<b>Öllari</b> 11-066	110	79	92	105	104	99	106	105	112	97	96	95	101	103	B	Ófeigur 02016
<b>Tandri</b> 11-068	91	95	86	87	64	121	78	101	115	102	96	98	116	95	C	Ári 04043
<b>Bryti</b> 11-070	103	96	101	103	88	100	100	102	98	103	112	90	112	102	B	Gyllir 03007
<b>Kjarni</b> 11-079	103	89	105	106	101	75	101	104	95	97	111	89	102	100	C	Ófeigur 02016

Alls voru afkvæmarannsókuð 26 naut í árgangi 2010. Tíu naut áttu syni í þessum árgangi. Flói 02029 og Ás 02048 áttu fjóra hvor, Glæðir 02001, Ófeigur 02016, Sírius 02032, Gyllir 03007 og Ári 04043 þrjá hver og Lykill 02003, Tópas 03027 og Stássi 04024 áttu hver sinn soninn.

Einkenni þessa nautaárgangs er breytileiki í flestum eiginleikum en þó verða mjólkurlagni og mjaltir að teljast koma vel út í heildina en efnahlutföll síður. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera. Hér má sjá kynbótamat þessara nauta að lokinni kynbótamatskeyrslu í júní 2018. Jafnframt kemur fram hvaða dóm nautin hlutu, þ.e. A=nautsfaðir, B=kýrfaðir og C=öllu sæði hent.

# AFKVAEMADÓMUR NAUTA FÆDDRA 2012

NAFN / NÚMÉR	MJÓLK	FITU%	PRÓT%	AFURÐIR	FRJÓ- SEMÍ	FRUMU- TALA	FRJÓ- RÖÐ	SKR.	JÚGUR	SPENAR	MJALTIR	SKAP	ENDING	HEILD	DÓMUR	FADIR/F.NR.
<b>Bakkus</b> 12-001	119	96	109	121	110	90	115	105	101	97	115	127	111	113	A	Ófeigur 02016
<b>Tárus</b> 12-004	108	97	91	101	86	107	92	92	107	103	85	84	96	98	C	Tópas 03027
<b>Tari</b> 12-006	120	97	84	108	110	89	111	106	91	92	106	82	98	101	C	Ófeigur 02016
<b>Pipar</b> 12-007	103	120	114	109	97	102	99	106	113	110	112	96	98	106	B	Gyllir 03007
<b>Peli</b> 12-008	105	107	115	112	96	113	79	101	110	107	89	73	99	104	C	Stássi 04024
<b>Rafnar</b> 12-014	93	117	111	101	98	78	95	98	74	94	118	91	88	96	C	Gyllir 03007
<b>Raði</b> 12-017	100	106	108	103	89	99	95	93	86	102	86	74	94	96	C	Stíll 04041
<b>Eyr</b> 12-018	76	86	112	84	90	78	56	102	93	103	79	60	70	83	C	Ás 02048
<b>Penni</b> 12-021	102	118	104	104	79	89	84	86	106	107	98	75	108	99	C	Stíll 04041
<b>Eitill</b> 12-022	122	107	118	128	93	92	101	100	70	92	107	83	90	107	C	Hegri 03014
<b>Skrámur</b> 12-023	97	103	91	92	68	97	79	87	103	109	82	94	103	93	C	Stíll 04041
<b>Kraftur</b> 12-024	106	101	103	106	90	108	120	103	113	99	101	109	102	104	B	Ári 04043
<b>Spennir</b> 12-027	98	90	116	105	105	99	77	103	95	95	62	77	84	95	C	Aðall 02039
<b>Bjór</b> 12-028	99	107	108	103	93	79	103	107	100	97	108	103	99	100	B	Ári 04043
<b>Neró</b> 12-029	95	103	119	105	96	105	84	105	120	100	91	79	98	101	B	Stássi 04024
<b>Ninni</b> 12-040	91	98	99	92	88	98	75	108	100	110	72	94	94	93	C	Máni 03025
<b>Apolló</b> 12-042	100	102	98	98	94	114	83	106	89	92	91	113	94	98	C	Ófeigur 02016
<b>Hýsill</b> 12-044	97	111	103	99	79	109	86	106	112	109	94	104	97	100	C	Máni 03025
<b>Milli</b> 12-051	115	102	88	108	84	93	108	91	92	105	102	97	104	102	B	Tópas 03027
<b>Loki</b> 12-071	110	100	105	111	105	84	96	104	117	104	112	94	113	107	B	Birtingur 05043
<b>Gandálfur</b> 12-081	100	112	117	108	93	105	92	103	73	110	86	71	100	99	C	Koli 06003
<b>Eldar</b> 12-089	76	109	108	83	103	92	99	104	122	108	110	101	110	96	C	Stássi 04024
<b>Sjarmi</b> 12-090	122	89	100	117	89	114	113	105	112	124	109	112	100	112	A	Koli 06003
<b>Prúður</b> 12-091	99	102	101	99	94	106	94	100	124	104	105	96	109	103	B	Birtingur 05043
<b>Dúett</b> 12-097	99	113	123	111	100	102	101	99	102	103	109	97	111	107	B	Birtingur 05043
<b>Polki</b> 12-099	96	107	110	103	90	107	107	103	124	123	98	95	109	105	B	Koli 06003

Alls voru afkvæmarannsókuð 26 naut í árgangi 2010. Tólf naut áttu syni í þessum árgangi. Ófeigur 02016, Stássi 04024, Stíll 04041, Birtingur 05043 og Koli 06003 áttu þrjá syni hver, Gyllir 03007, Máni 03025, Tópas 03027 og Ári 04043 áttu tvo syni hver og loks áttu Aðall 02039, Ás 02048 og Hegri 03014 hver sinn soninn. Einkenni þessa nautaárangs er breytileik í flestum eiginlei-

kum en efnahlutföll í mjólk dætra verða þó að teljast góð heilt yfir. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera. Hér má sjá kynbótamat þessara nauta að lokinni kynbótamatskefslu í júní 2018. Jafnframt kemur fram hvaða dóm nautin hlutu, þ.e. A=nautsfaðir, B=kýrfaðir og C=öllu sæði hent.

NBÍ